

Fimm norrænar kvikmyndir hafa verið tilnefndar til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2019

Þriðjudaginn 20. ágúst 2019, kl. 19:45 CET. Á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Haugasundi í dag var tilkynnt hvaða fimm kvikmyndir frá Norðurlöndunum fimm (Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð) hljóta tilnefningu til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2019 – mjög eftirsótt verðlaun sem 16 kvikmyndir hafa hlotið síðan verðlaunin voru fyrst afhent árið 2002, en síðan hafa þau verið veitt árlega frá árinu 2005.

Kvikmyndirnar fimm sem tilnefndar eru til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2019 eru:

- Ísland: **HVÍTUR, HVÍTUR DAGUR** (titill á ensku: *A White, White Day*)
eftir Hlyn Pálmason (leikstjórn / handrit), Anton Mána Svansson (framleiðandi)
- Danmörk: **QUEEN OF HEARTS** (titill á frummáli: *Dronningen*)
eftir May el-Toukhy (leikstjórn / handrit), Maren Louise Käehne (handrit), Caroline Blanco og René Ezra (framleiðendur)
- Finnland: **AURORA** (titill á frummáli: *Aurora*)
eftir Miia Tervo (leikstjórn / handrit), Max Malka (framleiðandi)
- Noregur: **BLIND SPOT** (titill á frummáli: *Blindsonen*)
eftir Tuva Novotny (leikstjórn / handrit), Elisabeth Kvithyll (framleiðandi)
- Svíþjóð: **RECONSTRUCTING UTØYA** (titill á frummáli: *Rekonstruktion Utøya*)
eftir Carl Javér (leikstjórn / handrit), Fredrik Lange (handrit / framleiðandi)

UPPLÝSINGAR UM KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS

Markmið verðlauna Norðurlandaráðs, ein eftirsóttustu verðlaunin á Norðurlöndunum, er að auka áhuga á norrænu menningarsamfélagi og samstarfi um umhverfismál, svo og að vekja athygli á verkefnum sem skarað hafa fram úr á sviði lista eða umhverfismála. Kvikmyndaverðlaunin verða veitt mynd í fullri lengd sem framleidd er á Norðurlöndunum og gerð til sýningar í kvikmyndahúsum, ásamt því að hafa mikið listrænt gildi og eiga rætur í norrænni menningu að verulegu leyti, og skara fram úr hvað varðar listrænan frumleika og samtvinna og efla hina margvíslegu þætti formsins svo úr verði sannfærandi og heilsteypt verk. Verðlaunaféð nemur 350 þúsund dönskum krónum og skiptist jafnt milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda, þetta undirstrikar að kvikmyndagerð sem listgrein er fyrst og fremst afurð náins samspils þessara þriggja þátta.

Sigurvegari Kvikmyndaverðlaunanna í fyrra var íslenska myndin *Kona fer í stríð* í leikstjórn Benedikts Erlingssonar – en þetta var í annað skiptið Benedikt hampaði verðlauninum eftirsóttu en hann hlaut þau einnig árið 2014 fyrir kvikmynd sína *Hross í oss*. Á meðal tilnefndra mynda í ár eru nokkrar sem hafa verið frumsýndar á nokkrum af þeim allra mikilvægustu alþjóðlegu kvikmyndahátíðum heimsins undanfarið ár, þ.á.m. hin norska *BLIND SPOT* (San Sebastian 2018), *QUEEN OF HEARTS* (Sundance 2019) frá Dönum, og hinn rammíslenska *HVÍTUR, HVÍTUR DAGUR* eftir Hlyn Pálmason sem var heimsfrumsýnd í hinni virtu hliðardagskrá *Critics' Week* í Cannes 2019 – en hinn þjóðkunni Ingvar E. Sigurðsson var valinn besti leikarinn fyrir leik sinn í myndinni. Tvíeykið Hlynur Pálmason leikstjóri og Anton Máni Svansson framleiðandi eru ekki alls ókunnugir verðlauninum, en þeir hlutu báðir tilnefningu fyrir mynd þeirra *Vetrarbræður*.

Vinningshafinn verður tilkynntur við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 29. október 2019 í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólm, Svíþjóð.

FJÖLMIÐLAR – TIL RITSTJÓRA

Ítarefni og upplýsingar um Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs má finna á neðangreindum vefslóðum:

Til niðurrhals (myndefni, sýnishorn, textar) - <https://bit.ly/2ZXUFNq>

Ítarupplýsingar - www.nordiskfilmogtvfond.com, www.norden.org, www.facebook.com/nordiskfilmogtvfond

Allar nánari upplýsingar veitir Bíó Paradís: Aron Víglundsson, dagskrárstjóri, aron@bioparadis.is, 765-0616

BÍÓ ★ PARADÍS

Rökstuðningur íslensku dómnefndarinnar vegna tilnefningar Íslands:

Titill á frummáli: Hvítur, hvítur dagur
Titill á ensku: A White, White Day
Leikstjórn: Hlynur Pálmason
Handrit: Hlynur Pálmason
Framleiðandi: Anton Máni Svansson

Í *Hvítum, hvítum degi* fjallar leikstjórinn Hlynur Pálmason um sálarlífskreppu miðaldra lögreglustjóra sem missir eiginkonu sína svíplega. Ingimar er ófær um að gefa sig sorginni á vald og verður smám saman að skapillum einbúa sem leggur enga rækt við persónuleg tengsl, að frátöldu hjartnæmu sambandi við afastelpuna sína. Karlmennskan er áberandi stef í myndinni en Ingimar er fjötraður af eigin vanmætti til að eiga afdráttarlaus samskipti við samstarfsfólk sitt, sem og dóttur sína og barnabarn, sem vilja sækja til hans samúð og stuðning á tímum mikillar sorgar.

Sálarlíf Ingimars endurspeglast í sjónrænni frásagnaraðferð myndarinnar sem er í senn kynleg og ljóðræn. Austfjarðapokan læðir sér niður fjallshlíðarnar og vofir yfir tilveru Ingimars líkt og draugur eða prísund. Viðsjált eðli þokunnar hefur verið umfjöllunarefni margra af helstu listamönnum Íslands og nærvera hennar vísar þannig í tiltekna skynjun sem einkennir íslenska list.

Þungamiðja myndarinnar er áhrifamikill leikur Ingvars E. Sigurðssonar sem hins syrgjandi lögreglustjóra. Frammistaða hans sýnir þögla og djúpa örvæntingu Ingimars með hægum og öguðum hætti sem aðeins er á færi reyndustu leikara.

Dómnefndina skipa: Hilmar Oddsson, Börkur Gunnarsson, Helga Þórey Jónsdóttir